

BYRJENDALÆSI

1.tbl., 6 árg. Áb. Birna M. Svanbjörnsdóttir

Desember 2015

Byrjendalæsi í sveiflu

Sem fyrr hefur starfið í skólum sem kenna eftir aðferðum Byrjendalæsis verið kröftugt í vetur. Tíu nýir leiðtogar hófu leiðtoganám í haust, samtján leiðtogar eru á seinna ári og með þeim talið hafa íslenskir skóla eignast hátt í hundrað öfluga leiðtoga í læsismenntun, sem án efa styrkja skólastarfið í landinu.

Óhætt er að segja að skólaárið hafi byrjað með nokkrum hveli í lok ágúst þegar mikið fjölmiðlafar varð út af lestri og læsi. Upphafið má rekja til myndar sem birtist í Fréttablaðinu og talin var sýna slakt gengi skóla sem kenna eftir aðferðum Byrjendalæsis á samræmdum prófum í fjórða bekk. Erfitt var að lesa réttar upplýsingar úr myndinni og varð það til þess að rangar ályktanir voru dregnar og stór orð látnin falla um Byrjendalæsi. Líflæg umræða um læsi skapaðist og samtök skólastjórnenda og kennara, einstakir skólar, kennarar og foreldrar risu upp til varnar og birtu upplýsingar um góðan árangur og ánægjulegt skólastarf. Foreldrar treystu skólum sínum og kennurum og skólastarf hófst víða í haust með óvenju miklum og jákvæðum samræðum um læsi.

Við á miðstöð skólapróunar erum afar þakklát fyrir viðbrögð skólasamfélagsins og fögnum málefnalegri umræðu um lestur og læsi. Allir sem að menntun barna koma þurfa sífellt að endurskoða og meta árangur og vinnubrögð í skólastarfi. Læsið er ein dýrmætasta eign hvers einstaklings og því nauðsynlegt að kennslan sé árangursrík og reynsla nemenda ánægjuleg þannig að þeir kjósi að lesa meira og meira sér til gamans og gagns.

*„Ó voldugu álfkonur gefið ný-
fæddu barni mínu ekki aðeins
heilsu, fegurð, ríkidæmi og
allt hitt sem þið eruð vanar að
koma stormandi með – gefið
barni mínu lestrarhungur.
Þess óska ég af öllu mínu
brennandi hjarta“*

- Astrid Lindgren



Lestrarfölgd í Brekkuskóla á Akureyri, á Alþjóðadegi læsis 8. september.

Í þessu hefti:

- Byrjendalæsi í sveiflu 1
- Frá ritstjórn 2
- Lestaránægja 2
- Bækur—umfjöllun 3
- Gagnvirkur lestur 3
- Rannsókn á Byrjendalæsi 4
- Námstefna og ráðstefna næsta haust 4



Lestraránægja og áhugi

Rannsóknir á áhugahvöt sýna að við lærum hraðar og betur það sem við höfum áhuga á og rannsóknir hafa einnig sýnt fram á ótvírætt gildi yndislesturs fyrir árangur í námi. Í sumar hlustuðu ráðgjafar frá MSHA á rithöfundinn Steven Layne segja frá því sem hann leggur áherslu á í samræðum við kennara um lestur og læsi. Hann sagði m.a.

- * Nemendur lesa þegar kennarar eru vel að sér og áhugasamir um bækur.
- * Nemendur lesa þegar kennarar lesa og deila lestrinum með nemendum sínum.
- * Kennarar þurfa sjálfir að lesa að lágmarki 10 bækur sem hæfa aldri nemenda þeirra. Ræða þær svo við nemendur sína, lesa úr þeim og kynna.
- * Kennarar þurfa að fylgjast með útgáfu nýrra bóka, kynna þær og panta í skólanum. Hafa þarf nemendur með í ráðum um val á bókum og öðru lesefni.
- * Það virkar hvetjandi að safna saman umsögnum um bækur og hafa aðgengi- legar nemendum. Listi yfir hver las hvað ásamt umsögn eða stjörnu- gjöf, t.d. á bókasafni eða á fjölförnum stað í skóla, er góð hugmynd.
- * Nemendur lesa þegar talað er um bækur. Ræða þarf um ólíkan smekk og áhuga á lesefni.
- * Nemendur lesa þegar lesið er fyrir þá. Lesa þarf fyrir alla nemendur, óháð aldri þeirra.
- * Gera þarf lesefni hátt undir höfði í skólastofum. Úrval bóka, tímarita o.fl. a.m.k. 5 – 6 bækur á hvern nemanda.

Sjá nánar á heimasíðu Steve www.stevelayne.com



Kennarar í Byrjendalæsi ræða einnig leiðir til að auka innri hvatningu nemenda til lestrar og með því að nota QR kóðann hér til hliðar, sjáið þið lista sem kennarar á Austurlandi settu saman á smíðju í haust. Á listanum eru margar góðar og gagnlegar hugmyndir um hvernig má vinna að þessu mikil- væga markmiði. Kærar þakkar austfirsku kennarar .

Frá ritstjórn

Byrjendalæsisblaðið er sent í tölvupósti til allra skóla sem kenna eftir aðferðum Byrjenda- læsis. Ritið er einnig aðgengi- legt á heimasíðu Miðstöðvar skólaþróunar www.msha.is, á Facebooksíðu og moodle vef Byrjendalæsis.

Markmiðið með blaðinu er að koma upplýsingum um Byrj- endalæsi á framfæri og segja frá ánægjulegri þróun og verk- efnum í skólunum. Umsjón með efni blaðsins hefur læsis- teymi miðstöðvarinnar. Kennarar eru hvattir til að senda inn efni í blaðið á netfangið jennyg@unak.is

Læsiskeiðjur
Helga Magnea, Hólmfríður,
Jenný, Ragnheiður Lilja og Þóra Rósa.





Ritun 2.b. Auglýst eftir týndum fugli.

Ummæli kennara eftir BL- námskeið

Alveg frábært námskeið. Lærði mjög marga og hlakka til að læra meira og vinna með Byrjendalæsi.

Þetta námskeið er heill hafsjór af fróð- leik sem opnar margar dyr í kennslu. Þetta mun einnig koma til móts við mis- munandi þarfir nemenda.

Mjög fróðlegt og áhugavekjandi. Eftir nokkurra ára fjarveru frá kennslunni fyllist maður eldmóði og vill byrja að vinna út frá Byrjendalæsi með nem- endahópnum. Takk fyrir frábært námskeið.



BÆKUR

Læsteymið fór út af örkinni og gluggaði í nokkrar bækur.

Dúkka—Gerður Kristný

Skemmtileg saga um Kristínu Kötlu sem kaupir sér dúkku og það enga venjulega dúkku! Frábær bók fyrir bókaorma frá 6 til 9 ára.

Mamma klikk—Gunnar Helgason

Heldurðu að þú eigir klikkaða mömmu? Bíddu þar til þú heyrir um þessa... Bráðsmellin saga fyrir krakka á bilinu 7 til 12 ára.

Strákurinn í kjónum—David Walliams

Þrælfyndin! Saga um strák sem kemst að því hvað hið óvenjulega getur verið skemmtilegt :). Fyrir lestrarfólöld og trippi á öllum aldri.

Vinabókin—Jóna Valborg Árnadóttir og Elsa Nielsen

Ævintýraleg og skemmtileg bók um vinsamlega heiminn sem við viljum búa í. Fyrir unga bókaorma.




Lestur og máltilfinning. Að raða orðum í málsgrein.

Gagnvirkur lestur — hlutverkin

Kennsluaðferðin gagnvirkur lestur hefur fyrir löngu sannað gildi sitt sem öflugur stuðningur við nám. Með aðferðinni eru samþættar fjórar aðferðir sem rannsóknir hafa sýnt að skipta máli að nemendur tileinki sér við lestur. Í skemmtilegri sænskri útfærslu á aðferðinni er að finna myndir af persónum sem tákna hlutverk eða aðferð til að nýta við lesturinn. Margir kennarar hafa tekið hlutverkin í notkun og er reynslan af þeim góð.



SPÁKONAN



BLAÐAMAÐURINN

Hlutverkin/persónurnar eru eftirfarandi:

Spákonan – sem spáir fyrir um innihald/framhald/ hvað ef...

Fréttamaðurinn – sem spyr spurninga á þrjá vegu; beinar sp., ályktunar sp. og tenging við eigin skoðanir/viðhorf

Listamaðurinn – sem les milli línanna og sér fyrir sér, finnur og heyrir.



KÚREKINN



LISTAMAÐURINN

Kennarar kynna þessar þrjár persónur gjarnan fyrst til sögunnar, eina og eina í einu og leiða nemendur áfram í notkun þeirra.

Síðan bætast í hópin:

Spæjarinn – sem dregur út orð og orðasambönd og

Kúrekinn —sem dregur saman aðalatriðin í stuttu máli.



SPÆJARINN

Þá eru allar persónurnar komnar. Best er að láta nemendur vinna saman undir handleiðslu kennara þar til öryggi næst og allir vita vel hvað hver persóna þýðir. Nota má áfram eina og eina persónu hverju sinni eða æfa tvær og tvær eða jafnvel allar fimm. Hér er mikilvægt að nemendur vinni saman.

Kennari getur svo alltaf gripið til þess þegar hann les fyrir nemendur að biðja þá að setja sig í spor ákveðinnar persónu og velta fyrir sér sögunni út frá hlutverki hennar.

Hugmynd sótt á: www.enlasandeklass.se

Rannsókn á Byrjendalæsi

Rannsóknir á skólastarfi eru mikilvægur leiðarvísir fyrir starfandi skólafólk og þá sem móta áherslur í skólastarfi. Haustið 2011 hófst viðamikil rannsókn á Byrjendalæsi og fyrstu niðurstöður úr einstökum þáttum hennar hafa verið birtar. Markmið rannsóknarinnar er að efla rannsóknir og þekkingu á læsi og stuðla að þróun læsismenntunar í grunnskólum. Rannsóknin beinist að tveimur lykilþáttum Byrjendalæsis: Annars vegar námi og kennslu og hins vegar starfsþróun sem felur í sér rannsókn á starfi leiðtoga og innri þróunarskilyrðum skóla.

Ráðgjafi rannsóknarhópsins er Sue Ellis, Reader við Strathclydeháskóla í Glasgow og sérfræðingur í læsi og læsisrannsóknum. Verkefnisstjóri er Rúnar Sigbórsson prófessor við kennaradeild HA og á heimasíðu hans má finna allar upplýsingar um og kynningar á rannsókninni, sjá hér http://staff.unak.is/not/runar/Rannsoknir/BL_rannsokn.htm. Hér að neðan tókum við saman nokkra punkta úr fyrstu niðurstöðum.

Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar eru m.a.:

Viðtöl við kennara, stjórnendur, foreldra og nemendur í Byrjendalæsissskólum gefa til kynna:

- * Eindregna ánægju með aðferðina og samstarf við miðstöð skólaþróunar og þá umfangsmiklu viðbótarmenntun sem fylgir innleiðingu Byrjendalæsis.
- * Samdóma álit þeirra að þátttaka í þróunarstarfinu leiði af sér öflugra starfsþróun sem hafi breytt miklu um læsiskennslu í skólunum.
- * Breytingar koma meðal annars fram í:
 - * aukinni áherslu á markvissar kennsluáætlanir og skýr markmið,
 - * aukinni námsaðlögun og fjölbreyttari námstækifærum fyrir alla,
 - * notkun innihaldsríkra og vandaðra texta í kennslunni,
 - * meiri frjálsum lestri nemenda,
 - * áherslu á ritun og skapandi málnotkun frá upphafi læsisnáms,
 - * áherslu á lesskilning frá upphafi læsisnáms.

Vettvangsathuganir rannsakennda staðfesta almenna virkni, vinnugleði og áhuga nemenda og að kennarar í Byrjendalæsissskólum hafi að flestu leyti tileinkað sér þá starfshætti sem aðferðin byggist á.

Spurningalisti sem sendur var kennurum í 1. – 4. bekk í öllum grunnskólum landsins gefur m.a. upplýsingar um að:

- * hærri hlutfall kennara í Byrjendalæsissskólum en öðrum skólum telur að kennsla sín henti öllum nemendum,
- * hærri hlutfall kennara í Byrjendalæsissskólum en öðrum skólum sinnir orðaforða og yndislestri daglega eða oft á dag.



Áhugavert efni

Samantekt MSHA um greinar og erindi sem birst hafa í haust. <http://www.msha.is/is/moya/news/byrjendalæsi-i-umraedunni>

Erindi Rúnar Sigbórssonar um læsi, á skólamálaþingi sveitafélaga haust 2015. http://staff.unak.is/not/runar/Rannsoknir_erindi/Skolathing_sveitarfel_loka_texti.pdf

Náms- og ráðstefna haustið 2016

Miðstöð skólaþróunar stendur fyrir námstefnu um Byrjendalæsi annað hvert ár. Haustið 2016 verður námsstefnan haldin þann 16. september og í kjölfarið verður ráðstefna um læsi þann 17. september. Námstefnan þetta árið er sú fjórða í röðinni og hafa hinar fyrri verið vel sóttar og almenn ánægja með hvernig til hefur tekist.

Undirbúningur fyrir námstefnuna er að hefjast og gott væri að fá ábendingar um efni og ekki síður tilboð frá kennurum um að koma með erindi, kynningu eða efni til að sýna á veggjum.

Námstefnan verður opin öllum þeim sem áhuga hafa á málefninu.

Auk læsisráðstefnunnar, verður hin árlega vörðráðstefna MSHA haldin þann 16. apríl 2016 og ber hún heitir Snjallari saman.

Með kveðju frá okkur hér á MSHA,

Birna, Helga Magnea, Hólmfríður, Ingibjörg, Jenný, Ragnheiður Lilja, Rannveig, Sólveig og Þóra Rósa

Til upphitunar má hér horfa á upptökur frá málþingi MSHA um læsi

<http://upptaka.unak.is/Panopto/Pages/Viewer.aspx...>

<https://www.youtube.com/>